Eistnaskoðun stóðhesta

Eistu allra stóðhesta skulu mæld og skoðuð á eftirfarandi hátt fyrir hvern sköpulagsdóm og skulu niðurstöðurnar skráðar í WorldFeng.

- Stinnleiki eistna.
    - I Góður stinnleiki, eistað þétt og fast viðkomu.
    - II Þokkalegur stinnleiki, eistað sæmilega vel þétt viðkomu.
    - III Stinnleiki ekki fyrir hendi, eistað lint og mjúkt (Rautt T).
- Snúa eistun rétt, eistnalyppur eiga að vera aftaná eistanu. Ef annað eistað eða bæði eistun eru snúin er það skráð.
- Ekkert eista eða aðeins eitt (Rautt T).
- Eistu óeðlilega smá (sjá m.a. til viðmiðunar reglu um lágmarks TSW = rautt T).
- Annað eistað mikið minna en hitt, 50% munur eða meira að rúmmáli (Rautt T). Reikniregla = 0,5233 x LxBxH í cm.
- Heildarbreidd pungs hjá stóðhestum 4 vetra og eldri TSW minna en 8 cm (Rautt T).
- Þarmar finnast í pung (Rautt T).
- Ef ekki er hægt að mæla eða meta eistun á fullnægjandi hátt, þá er gult T skráð í WorldFeng og eigandi hestsins fær tvær vikur til að skila dýralæknisvottorði um eistnaheilbrigði gripsins til hrossaræktarráðunautar Eftir þann tíma er rautt T skráð hjá hestinum.